

## 1042. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. apríl 2010 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0 hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Ágúst Guðbjartsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bergur Steingrímsson, Bjarki Steingrímsson, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson, Þorlákur Jóhannsson og Stefanía Magnúsdóttir sem ritar fundargerð.

Formaður setti fundinn og stakk upp á Stefaníu Magnúsdóttur sem fundarritara. Samþykkt.

Bókun, Jóhanna S. Rúnarsdóttir:

*„Í tölvupóstum frá Bjarka Steingrímssyni ds. 23.11.09 og 8.12.09, eru ásakanir og aðdróttanir á hendur mér um skáldskap og óheiðarleika í ritun fundargerða. Í ljósi þessara ásakana tel ég mér ekki lengur stætt á að rita fundargerðir stjórnarfundu VR. Samkvæmt hefð innan stjórnar VR hefur utanaðkomandi aðili ritað fundargerðir. Óska ég eftir að utanaðkomandi aðili verði fenginn til að rita fundargerðir stjórnar VR eins og hefð er fyrir.*

Tillaga:

*„Geri það að tillögu minni að lausn verði fundin á ritun fundargerða og ráðinn verði sérstakur fundarritari á stjórnarfundum“*

*„Legg til að Stefanía Magnúsdóttir taki að sér að rita fundargerðir fyrir stjórn VR“*

*Stefanía hefur tekið að sér með góðum árangri að rita fundargerðir fyrir VR og hefur margra ára þekkingu og reynslu af félaginu. Tel því að hún sé góður fulltrúi í þetta starf.*

Samþykkt var að fresta afgreiðslu tillögunnar.

### Dagskrá:

#### 1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar.

#### 2. Nýir og endurkjörnir trúnaðarmenn:

#### 3. Siða- og verklagsreglur VR

Drög vinnuhópa frá fyrra ári voru lögð fram á síðasta stjórnarfundu til skoðunar. Umræður. Samþykktar samhljóða.

#### 4. Innkaupastefna

Ákveðið var að vinna frekar með tillögunnar.

#### 5. Málefni sjóða VR

##### a) Orlofssjóður

Ræddar hugmyndir um aðstöðu fyrir tjöld og hjólhýsi í Miðhúsaskógi. Formaður, KÖJ, lagði fram tillögu þess efnis að farið væri í fyrsta áfanga. Samþykkt með einu móttatkvæði.

Formanni félagsins falið að gerð yrði könnun á hug félagsmanna til framtíðarskipunar orlofsmála félagsins.

Umboð til að selja íbúðir félagsins að Ljósheimum 16 og 20 samþykkt.

##### b) Sjúkrasjóður

Vegna mikilla breytinga sem orðið hafa í þjóðfélaginu leggur stjórnin til umfangsmiklar breytingar á greiðslum sjúkradagpeninga og styrkjakerfi félagsins.

Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja afkomu félagsmanna í alvarlegum veikindum en jafnframt að stuðla að því að félagsmenn endurheimti starfsgetu sína í gegnum virka endurhæfingu í samræmi við starfsemi VIRK starfsendurhæfingarsjóðinn.

Markmið breytinganna eru tvíþætt:

a) Stuðla að virkri starfsendurhæfingu þar sem við á eins fljótt og kostur er félagsmönnum til hagsbóta og aukinna lífsgæða.

b) Koma til móts við tekjulægri félagsmenn með sértilgreindum styrkjum úr sjúkrasjóði, m.a. til sjúkráþjálfunar, sálfræðiaðstoðar, gleraugnakaupa, tannviðgerða og kaupa á heyrnartækjum.

Þrátt fyrir almenna styttingu á hámarkslengd þess tímabils sem sjúkradagpeningar eru veittir, úr 270 í 210 daga, er framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs heimilt að lengja tímabilið í allt að 270 daga í undantekningartilfellum. Ekki er gert ráð fyrir minni útgjöldum sjóðsins vegna þessara breytinga. Gert er ráð fyrir að dagpeningagreiðslur lækki um 50 milljónir en styrkveitingar hækki að sama skapi um samsvarandi upphæð.

c) Lagt er til að skerða upphæð sjúkradagpeninga til þeirra sem hafna alfarið að taka þátt í úrræðum Virk endurhæfingar sem ráðgjafar sjúkrasjóðs VR bjóða upp á. Undanþegnir eru þeir sem eru sannanlega í meðferð við sínum sjúkdómi og má nefna krabbameinsmeðferð sem dæmi.

Umræður, tillögurnar samþykktar.

### c) **Varasjóður**

Samþykkt um að leggja fram á aðalfundi tillögu um að leggja kr. 400 milljónir í varasjóð.

## **6. Jafnréttisnefnd**

Umræður.

Ágúst Guðbjartsson las upp eftirfarandi tilkynningu:

*„Ég, Ágúst Guðbjartsson, segi af mér sem stjórnarmaður í stjórn VR frá og með næsta aðalfundi.*

*Ástæða þess er sú að ég hef ákveðið að fara út í verslunarrekstur.*

*Því er réttast að ég víki úr stjórn VR.*

*Seta mín í stjórn VR er búin að vera mikill skóli og hef ég kynnst mörgu góðu fólki bæði í stjórn og utan hennar sem ég mun líta á sem vini til framtíðar.*

*Ég þakka öllum fyrir samstarfið og óska ykkur og VR heilla í framtíðinni“.*

## **7. Viðbrögð við ábendingum RSK og endurskoðenda.**

Voru ný ferli og verklagsreglur lögð fram á fundinum en þau hafa þegar tekin upp og er nú að finna í rekstrarhandbók félagsins.

## **8. Stefnumótunarvinna**

Fundur verður haldinn með félagsmönnum 24. apríl n.k.

## **9. Aðalfundur 28. apríl**

Framhaldsaðalfundur verður boðaður í haust þar sem eingöngu verður fjallað um lagabreytingar.

## **10. Önnur mál**

Bjarki Steingrímsson afhenti ritara skriflega bókun en vildi ekki lesa hana. Ritari bókar ekki það sem ekki er rætt á fundinum og las því upp bókunina:

„Upplýsingar sem Bjarki Steingrímsson óskar eftir að fá er varða styrki/auglýsingar og eða keypta þjónustu. Lagt fram á fundi stjórnar 14.04.2010.

Eins og fram kemur í tölvupósti sem ég sendi 13. Janúar 2010 og kemur þar fram ósk um upplýsingar um peningastyrki til Samfylkingarinnar. Þar sem engin svör hafa borist er svara umbeðinni fyrirspurn minni í þá 3 mánuði liðnir eru. Legg ég því fram á fundi stjórnar 14.04.2010 eftirfarandi kröfu um upplýsingar.

Heildar fjárhæð er VR og þar áður Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hefur varið til peninga styrkja og eða auglýsinga til handa Samfylkingunni á Íslandi. Er þar átt við öll félög er nefnast á einhvern hátt Samfylkingin og allar kennitölur er þar eru á bakvið, svo sem í Reykjavík og eða hvar sem er á Íslandi.

Eins óska ég eftir sambærilegum upplýsingum um styrki til HSÍ.

Að endingu óska ég eftir upplýsingum um styrki hverskonar til tengdra aðila stjórnenda, starfsmanna og eða aðila sem á einhvern hátt tengjast starfi félagsins. Er þar átt við beina styrki og eða keypta þjónustu, hverskonar af nefndum aðilum.

Tímabil það sem upplýsingarnar eiga við er eins og lög gera ráð fyrir að bókhaldsgögn séu geymd eða eins langt aftur og kostur er, þó ekki skemur en 7 ár“.

KÖJ las upp ályktun þar sem því er mótmælt að verslunarfólk vinni á frídegi verkalýðsins:

### **1. maí á að vera frídagur launafólks**

VR harmar þá þróun sem átt hefur sér stað varðandi opnunartíma verslana undanfarin ár. Nú bendir allt til þess að opið verði í mörgum verslunum á baráttudegi verkafólks, þ.m.t. í stóru verslanamiðstöðvunum. VR krefst þess að verslunareigendur virði frídaga vinnandi fólks og samþykkti stjórn í gærkvöldi ályktun þar að lútandi.

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum í gær, miðvikudaginn 14. apríl 2010, ályktun þar sem breytingum á opnunartíma verslana á undanförunum árum er mótmælt. Ályktunin er svohljóðandi:

"Þróun í opnunartíma verslana síðastliðin ár gengur þvert gegn hagsmunum starfsmanna. Fátt virðist verslunareigendum heilagt þegar kemur að opnunartímanum og stórhátíðir og helgidagar eru á undanhaldi sem frídagar launafólks. Margar verslanir voru opnar nær alla páskahátíðina þetta árið og nú stefnir allt í að enn fleiri verslanir, þ.m.t. stóru verslanamiðstöðvarnar, verði opnar 1. maí.

Stjórn VR vill ítreka að 1. maí er helgaður launafólki og baráttu þeirra fyrir bættum kjörum. Það er því óásættanlegt að stór hluti launamanna hér á landi verði við vinnu á þessum degi. VR mótmælir þessari þróun og krefst þess að verslunareigendur hafi lokað á almennum frídögum. 1. maí á líka að vera frídagur þeirra sem starfa í verslunum.

Stjórn VR, 14. apríl 2010."

Ályktunin fer á vef félagsins.  
Samþykkt.

Fleira ekki gert

